

UMSJÓNARMAÐUR ÓSKAST

Snæfellsbær óskar eftir að ráða starfsmann í 75% starf til að hafa umsjón með félagsheimilunum Klifi í Ólafsvík og Röst á Hellissandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í starfinu felst rekstur félagsheimilanna, umsjón með útleigu, skipulagning á dansleikjum, markaðssetning húsanna og fleira sem til fellur.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september n.k.

Launakjör eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Dala og Snæ.

Allar nánari upplýsingar veitir bæjarritari í síma 433-6900 eða í netfanginu lilja@snb.is